



Fundargerð

430. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. mars 2019. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista boðar forföll, í hennar stað er mættur Gústaf B. Pálsson 1. varamaður Z-lista.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrenda velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

I. Fundargerðir til samþykktar

5. Fundargerð 37. fundar stjórnar Félags- og skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 12.03.2019

III. Fundargerðir til kynningar

4. Fundargerð stjórnar Tungusels, dags. 12.03.2019

IV. Annað kynningarefni

6. Samstarfssamningur SASS og Kirkjubæjarstofu

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

Oddviti og sveitarstjóri áttu fund með fjármála- og efnahagsráðherra vegna þess lands sem er í eigu ríkisins á Kirkjubæjarklaustri. Haldinn var vinnufundur með þeim aðilum sem hafa hlutverk í langtímaáætlun Skaftárhrepps við samfélagslegum áföllum. Sama dag var einnig íbúafundur þar sem viðbragðsáætlunin var kynnt íbúum ásamt kynningu Magnúsar Tuma Guðmundssonar á stöðu nærliggjandi náttúruvár. Einnig sátu sveitarstjóri og oddviti fund með viðbragðsaðilum sem boðaður var af lögreglustjóranum á Suðurlandi. Farið var yfir hvernig viðbragðsaðilar eru í stakk búnir til að takast á við yfirvofandi verkefni. Sveitarstjóri mætti sem varamaður á fund svæðisráðs Vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Námskeið var haldið fyrir starfsmenn skrifstofu sveitarfélagsins í notkun skjalakerfisins One system. Fundur var haldinn þann 23. febrúar sl. með landeigendum Kirkjubæjarklausturs og er næsti fundur áætlaður þann 23. mars nk. Sveitarstjórnarfulltrúar fengu kynningu á vindorkuhugmyndum erlends aðila. Framundan er fundur í starfshópi um 3ja fasa rafmagn, fyrsti fundur vinnuhóps um heimavistarmál við Fsu, stjórnarfundur Hulu bs., ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands 26. mars nk. og ársfundur sambands íslenskra sveitarfélaga 28. mars nk.

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 145. fundar skipulagsnefndar, dags. 13.02.2019

1. 1903002 Umsókn um framkvæmdaleyfi – Aðkomuvegur að gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs.

AH
GBP.
KA
JH
BVG



Með vísan til 13.gr. laga nr. 123/2010, skipulagslaga, sækir Vegagerðin hér með um framkvæmdaleyfi fyrir nýjan ca. 450 m langan og 7m breiðan aðkomuveg að fyrirhugaðri gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir aðkomuvegi að gestastofu Vatnajökulþjóðgarðs.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 1804001 Umsókn um framkvæmdaleyfi – Fyrir kaldavatnsborholu vegna aðstöðu við Laufskálavörðu

Sannir Landvættir ehf. sækir um framkvæmdaleyfi til að láta og bora fyrir vatni vegna fyrirhugaðrar aðstöðu við Laufskálavörðu.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir kaldavatnsborholu. Halda skal jarðraski í lágmarki við framkvæmdina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1812001 Umsókn um stöðuleyfi - Rannsóknarmastur í landi Grímsstaða í Meðallandi, vegna hugmynda um vindorkugarð á svæðinu.

Málinu var frestað á fundi skipulagsnefndar í 11.des 2018 og skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna verkefnið fyrir landeigendum í Meðallandi. Grenndarkynning fór fram á tímabilinu 4.feb.–10.mars 2019. Athugasemdir bárust frá Ríkiseignum. Fundin hefur verið ný staðsetning fyrir rannsóknarmastrið, heldur nær byggð en fyrr, sjá meðf. gögn

Skipulagsnefnd samþykkir 2 ára stöðuleyfi á grunvelli framlagðra gagna. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

EBH, BG og AH visa málinu aftur til skipulagsnefndar til frekari úrvinnslu. KG og GBP sitja hjá.

5. 1903003 Breyting á aðalskipulagi – Þéttbýlisuppráttur – Hæðargarður

Breyting á aðalskipulagi vegna fyrirhugaðrar verslunar- og þjónustulóðar sem og íbúðabyggðar austan og vestan Meðallandsvegur í landi Hæðargarðs.

Skipulagsnefnd samþykkir að óska heimildar Skipulagsstofnunar að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna..

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 1903004 Deiliskipulag fyrir þjónustumiðstöð í landi Hæðargarðs

Fasteignafélagið Skerjavellir ehf. sækir um að gera deiliskipulag og leggur fram deiliskipulagstillögu, sem unnin er af ASK arkitektum, fyrir þjónustumiðstöð í landi Hæðargarðs.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa skipulagstillöguna. Verði hún auglýst samhliða

AH
GBP
KG JAW



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. 1901004 Þétting byggðar – Aðalskipulagsbreyting v. Prestúns/Læknisbústaðar

Skaftárhreppur leggur fram Ask br. v. Preststúns/Læknisbústaðar/Heilsugæslureits, sem unnin er af Landmótun, og óskar heimildar að auglýsa skipulagstillögunu.

Skipulagsnefnd samþykkir að óska heimildar Skipulagsstofnunar að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. 1903004 Þétting byggðar - Deiliskipulag fyrir Preststún

Skaftárhreppur leggur fram deiliskipulag fyrir Preststún, sem unnið er af Landmótun, og óskar heimildar að auglýsa skipulagstillögunu.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa skipulagstillögunu. Verði hún auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

9. 1901004 Þétting byggðar – Deiliskipulag fyrir Læknisbústað/Heilsugæslureit

Skaftárhreppur leggur fram deiliskipulag fyrir Læknisbústað/Heilsugæslureit, sem unnið er af Landmótun, og óskar heimildar að auglýsa skipulagstillögunu.

Skipulagsnefnd samþykkir að auglýsa skipulagstillögunu. Verði hún auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

10. 1903014 Stofnun lóðar – Þykkvibær 2A

Sigurjón F Ragnarsson óskar eftir að stofnuð verði lóð kringum íbúðarhúsið í Þykkvabæ 2A skv. Meðfylgjandi lóðarblaði

Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

12. 1903016 Stofnun lóðar – Eintúnaháls / Lauffelssmýrar

Um er að ræða 6,1 ha lóð í landi Eintúnaháls sem óskast stofnuð skv. Meðfylgjandi lóðaruppdrætti unnum af Landmótun.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að þessi lóð verði boðin í makaskiptum við ríkið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

13. 1701015 Áningastaðir í Eldhrauni – Frekari skipulagsvinna kynnt

Sandra Brá sveitarstjóri kynnti stöðu mála og næstu skref.

AMH
GB.P
KG
BVC



Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnaður verði vinnuhópur til að vinna nýtt deiliskiplag fyrir áningastað í Eldhrauni.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og samþykkir stofnun vinnuhóps og verða tillögur að fulltrúum í vinnuhópinn lagðar fram á næsta sveitarstjórnarfundu.

14. 1604007 Hrífunes – Deiliskipulag til auglýsingar/grenndarkynningar

Málið var tekið fyrir á fundi Skipulagsnefndar 6. apríl 2016 sl.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðnina um að auglýsa deiliskipulagið.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1807011 Fundargerð 161. fundar fræðslunefndar, dags. 05.03.2019

4) Kirkjubæjarskóli á Síðu kl. 18:00.

e) Önnur mál

1805012 Reglur um mötuneyti Kirkjubæjarskóla

Sveitarstjóri, skólastjóri og matráður unnu reglurnar.

Reglur mötuneytis hafa farið fyrir stjórn foreldrafélagsins, starfsmenn skólans og hefur verið boðið upp á að koma fram með athugasemdir í vinnu við reglurnar. Engar athugasemdir komu frá neinum aðilum sem málið varðar. Fræðslunefnd óskar þess að sem fyrst verði farið í að koma upp þeirri aðstöðu sem þarf til að uppfylla reglurnar.

Sveitarstjórn þakkar þeim sem komu að endurskoðun mötuneytisreglanna og felur sveitarstjóra að leggja fram tillögu að gjaldskrá í samræmi við reglurnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1604031 Fundargerð 64. fundar félagsmálanefndar, dags. 14.02.2019

Almenn mál:

2. Framkvæmdaráætlun í barnavernd, sbr. 9.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Framkvæmdaáætlun tekin til umræðu.

„Félagsmálanefnd samþykkir framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir sitt leyti“

Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaáætlunina fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1809006 Fundargerð 30. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 07.03.2019

1. mál: 1902007 Endurskoðun sorphirðu og sorpeyðingar í Skaftárhreppi.

Fundurinn leggur til að skipuð verði nefnd sem vinnu að nýrri metnaðarfullri áætlun í sorphirðu- og sorpeyðingu. Tillaga umhverfisnefndar er að nefndina skipi auk byggingarfulltrúa, Ólafs Júlíussonar, sem okkar tillaga að verði formaður, Katrín Gunnarsdóttir, Gústaf Pálsson, Ólafur Björnsson og Þórdís Bjarnleifsdóttir. Einnig eru tilbúnir að bjóða fram starfskrafta sína Lilja Magnúsdóttir og Davíð Andri Agnarsson.



Sveitarstjórn þakkar tillöguna og staðfestir skipunina í vinnuhópinn. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að kalla hópinn saman hið fyrst til að hefja endurskoðunina.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

5. Fundargerð 37. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 12.03.2019

1. Svar frá Þróunarsviði SASS við erindi frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, skv. bókun aðalfundar dags. 22. maí 2018. Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS fylgir svarinu úr hlaði. Málinu var á síðasta fundi vísað til frekari umræðu og afgreiðslu frá þessum fundi.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti að leið a, eitt byggðasamlag og tvær stofnanir, verði farin með fyrirvara um að ekki verði um verulegan kostnaðarauka að ræða.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fyrir sitt leyti afgreiðslu stjórnar Félags- og skólaþjónustunnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1710001 Samstarfssamningur sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps um rekstur Náttúrustofu Suðausturlands.
Sveitarstjórn staðfestir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sitt leyti.
2. 1903013 Ályktun sveitarstjórnar Skaftárhrepps vegna fyrirhugaðs frumvarps um innflutning á hráu kjöti.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir yfir vonbrigðum sínum með framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru

Með breytingum á ofangreindum lögum er verið að tefla í tvísýnu lýðheilsu þjóðarinnar, ógna hreinleika íslenska búfjárstofnsins auk þess sem grafið er undan fæðuöryggi Íslendinga.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hvetur íslensk stjórnvöld til að kanna til hlítar hvort ekki megi endurskoða viðkomandi ákvæði innan EES samningsins með það að markmiði að sækja um undanþágu fyrir Ísland vegna sérstöðu landsins m.a. með tilliti til lítillar notkunar á sýklalyfjum í landbúnaði og alþjóðlegra skuldbindinga hvað varðar verndun íslenskra búfjárekynja.

Sveitarstjórn gagnrýnir einnig hversu skammt á veg undirbúningur fyrirhugaðra mótvægisáðgerða virðist vera kominn og styður framkomnar kröfur um að innflutt kjöt og egg verði ekki leyst úr tolli fyrr en Matvælastofnun hefur staðfest með sýnatöku að ekki séu sýklalyfjaónæmar bakteríur til staðar í viðkomandi vörum.

3. 1903006 Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dverghamra. Umhverfisstofnun, dags. 15.02.2019

*BVG ASH
GBP
KGF JHK*



Umhverfisstofnun óskar eftir að Skaftárhreppur tilnefni fulltrúa samstarfshóp í gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Dverghamra. Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar því að unnin verði áætlun fyrir náttúruvættið. Sveitarstjórn tilnefnir Jónu Björk Jónsdóttur í samstarfshópinn fyrir sína hönd. Sveitarstjórn bendir á að Náttúrustofu Suðausturlands verði einnig boðið til samráðs við gerð áætlunarinnar.

4. 1903007 Beiðni um umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki III í Hrífunesi fnr.218-9577. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 26.02.2019.
EBH, KG, GBP og AH samþykkja veitingu rekstrarleyfis fyrir 24 gistirýmum í flokki III í Hrífunesi fnr.218-9577 fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum málsins.
 5. 1903008 Beiðni um upplýsingar um helstu forgangsverkefni í samgöngumálum 2019-2028. Samgöngunefnd SASS, dags. 04.03.2019.
Sveitarstjórn óskar eftir fresti til að svara erindi samgöngunefndar. EBH, BG, AH og GBP samþykkja að leitað verði eftir úttekt á samgöngumannvirkjum í sveitarfélaginu. KG situr hjá.
 6. 1903009 Tilnefning fulltrúa á samráðsvettvang Sóknaaráætlunar Suðurlands 2020-2024. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 15.02.2019.
Fyrir fundinum liggur beiðni frá SASS um tilnefningu fjögurra fulltrúa á samráðsvettvang Sóknaaráætlunar Suðurlands. Sveitarstjórn tilnefnir Bjarka Guðnason og Arndís Harðardóttur sem kjörna fulltrúa. Einnig eru tilnefnd Sveinn H. Jensson og Sæunn Káradóttir.
- Katrín Gunnarsdóttir vikur af fundi og Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista í hennar stað.*
7. 1606015 Tilboð frá fjarskiptasjóði vegna Ísland ljóstengt 2019, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 18.02.2019.
Fyrir fundinum liggur tilboð frá fjarskiptasjóði vegna Ísland ljóstengt 2019 að upphæð 17.700.000 og byggðastyrkur að upphæð 8.000.000,- sem munu koma til greiðslu í tveimur jöfnum hlutum 2019 og 2020. Sveitarstjórn þakkar tilboðið og felur sveitarstjóra að taka því fyrir hönd Skaftárhrepps. Þar sem tilboðið miðast við aukið framlag íbúa/sveitarfélags að upphæð 7.040 þús.kr. er sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málsins.
 8. 1903010 Styrkbeiðni – Leitin að Njáluhöfundi. Bókhlaða Gunnars Guðmundssonar ses, dags. 25.02.2019.
Sveitarstjórn þakkar erindið. Málinu vísað til umræðu í menningarmálanefnd.
 9. 1903011 Beiðni um tilnefningu fulltrúa í vinnuhóp vegna hugmynda um svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið. Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 08.03.2019.
Sveitarstjórn tilnefnir Jón Hrafn Karlsson, formann skipulagsnefndar og Jónu Björk Jónsdóttur nefndarmann skipulagsnefndar sem fulltrúa sinn í vinnuhópinn og Bjarka Guðnason til vara.
 10. 1812005 Viðauki 1 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019
Sveitarstjóri gerir tillögu að eftirfarandi viðauka við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019:



Að við fjárfestingar ársins 2019 bætist við kostnaður vegna lagningar ljósleiðara í efrihluta Skaftártungu og Álftaveri vegna Ísland ljóstengt 2019.

Áætlaður kostnaður kemur til vegna tilboðs frá fjarskiptasjóði þar sem skilyrt framlag sveitarfélags er hækkað úr 350 þús.kr. í 500 þús.kr + vsk.

Áætlaður fjöldi tenginga í umsókn sveitarfélagsins á fyrrgreindu svæði eru 22. Stofnkostnaður tengistaða/heimila er 300 þús.kr. án vsk, en 500 þús.kr án vsk fyrir fyrirtæki. Viðbótarkostnaður Skaftárhrepps vegna verkefnisins verður því 7.040 þús.kr. m/vsk.

Fjárfestingar ársins 2019 hækka sem því nemur og verða samtals 110.540 þús.kr.

Fjármagnað með lækkun á handbæru fé sem verður áætlað í árslok 83 millj. í stað 90 millj. í upphaflegri áætlun.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

Katrín Gunnarsdóttir kemur aftur til fundarins og Jón Hrafn vikur af fundi.

11. 1805008 Endurskoðuð persónuverndarstefna Skaftárhrepps, dags. 01.03.2019

Fyrir fundinum liggur endurskoðuð persónuverndarstefna Skaftárhrepps í samræmi við samþykktu persónuverndarstefnu sveitarfélagsins frá 30.08.2018. Sveitarstjórn samþykkir persónuverndarstefnuna með áorðnum breytingum.

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi og vikur af fundi við afgreiðslu næsta liðar. Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista kemur í hennar stað. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn hans.

12. 1812012 Tillaga að afskriftum á kröfum

Sveitarstjóri leggur til að kröfur að upphæð 2.766.060,- verði afskrifaðar úr bókhaldi sveitarfélagsins. Um er að ræða kröfur sem eiga sér rætur allt aftur til ársins 2007 sem eiga sér skýringar og ljóst er að ekki er forsenda til að innheimta.

Sveitarstjórn samþykkir afskriftirnar.

Jón Hrafn Karlsson vikur af fundi og Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 36. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags, 21.02.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 4. fundar Bergrisans bs., dags. 16.11.2018. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 868. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. dags, 22.02.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð stjórnar Tungusels, dags. 12.03.2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Kynning á vinnu Félagsmálaráðuneytisins við stefnumótun í málefnum barna. Félags- og barnamálaráðherra, dags. 22.02.2019. *Kynnt.*



2. 1903012 Foss 2a, byggingarbréf um jörðina Foss 2a, fasteignanúmer 218-9245, dags. 16.01.2019. *Kynnt*
3. Beiðni frá nemendum Heilsuleikskólans Kærabæjar, dags. 12.12.2018. *Kynnt*
4. Fjaðrárgljúfur – Heilsárs landvarsla. Umhverfisstofnun, dags. 27.02.2019. *Kynnt*,
5. Úrskurður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í kærnu Gunnars Kr. Oddsteinssonar á ákvörðun Skaftárhrepps vegna samninga við forráðamann um akstur skólabarns, dags.10.01.2019. *Kynnt*
6. Samstarfssamningur SASS og Kirkjubæjarstofu. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 11. apríl 2019


Fundi slitið kl. 15:42


Eva Björk Harðardóttir


Bjarki Guðnason


Katrín Gunnarsdóttir


Gústaf B. Pálsson


Arndís Harðardóttir


Jón Hrafn Karlsson